

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps annast eða býður út sorphirðu í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn hreppsnefndar og er háð eftirliti heilbrigðiseftirlits.

2. gr.

Ábúendur eða eigendur lögbýla og íbúða fá afhenta 360 l tunnu fyrir heimilissorp sem losuð verður á 10 daga fresti. Eigendur sumarbústaða og hjólhýsa, sem notuð eru sem sumarbústaðir og fyrirtæki skulu sjálf sjá um að koma sorpi í gáma eða ker sem sveitarfélagið tekur á leigu og sér um að losa eftir þörfum.

3. gr.

Í sorpgáma og tunnur má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp.

4. gr.

Óheimilt er að setja í gámana, kerin eða tunnurnar mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h., glóð eða heita ösku. Þess konar úrgangur sem fellur til skal koma með á afmarkað svæði í þar til gerða gáma eða á viðurkenndan móttökustað samkvæmt nánari fyrirætlum sveitarstjórnar og heilbrigðiseftirlits. Undanskilin eru þó spilliefni sem skila verður á viðurkenndan móttökustað.

5. gr.

Sorphirða samkvæmt 3. og 4. gr. greiðist af hreppssjóði. Sveitarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsunar- og sorpeyðingargjald) samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og auglýst er í B-deild Stjórnartíðinda. Sorphirðugjaldið skal lagt á hverja þá fasteign eða fyrirtæki, sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og umfang starfsemi. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en samanlagður kostnaður við sorphirðu.

6. gr.

Hafi eigandi eða umráðamaður fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðiseftirlits eða oddvita hreppsins.

7. gr.

Brjóti eigandi eða umráðamaður eignar ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og/eða geymslu sorps skal brotið tilkynnt til sveitarstjórnar eða heilbrigðiseftirlits, sem gera viðeigandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Óheimilt er sorphirðumönnum eða öðrum að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 18. mars 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.***REGLUGERÐ**

um (7.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri, með síðari breytingum.

1. gr.

Í 1. viðauka B-hluta, töflu 2 kemur eftirfarandi í stað 2.21 Díoxín, sbr. tilskipun ráðsins nr. 2001/102 EB:

Efni, afurðir	Fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (ppm) fyrir fóður með 12% rakainnihald
2.21. Díoxín (summa fjölklóraðra díbensó-para-díoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF), gefið upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðlar frá 1977)) PCDD/F	Öll fóðurefni úr jurtaríkinu, þ.m.t. jurtaolíur og aukaafurðir	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Steinefni	1,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og eggjafita	2,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir, egg og eggjaafurðir	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Fisklýsi	6 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Fiskur, önnur sjávardýr, afurðir þeirra og aukaafurðir, að undanskildu fisklýsi ⁽⁷⁾	1,25 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Fóðurblandur, að undanskildum fódurblandum fyrir loðdýr, gæludýrafóður og fiskafóður	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Fiskafóður Gæludýrafóður	2,25 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)